

Ársskýrsla Kirkjugarðaráðs 2021

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið er fagraðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

Hlutverk Kirkjugarðaráðs.

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Hlutverk ráðsins er:

1. Samþykkja upptöku nýs kirkjugarðs eða stækkun gamals.
2. Veita leiðsögn við skipulag, viðhald og lagfæringar kirkjugarða.
3. Aðstoða við gerð verk- og kostnaðaráætlana vegna framkvæmda í kirkjugörðum.
4. Leiðbeina við gerð uppdráttar og legstaðaskráa.
5. Ákveða framlag til einstakra kirkjugarða sem byggir á úthlutunarreglum gjaldalíkans kirkjugarða sem unnið var af Kirkjugarðasambandi Íslands og samþykkt af Kirkjugarðaráði
6. Úthluta styrkjum úr Kirkjugarðasjóði.
7. Úrskurða í einstaka málum.

Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf. Aðsetur Kirkjugarðaráðs og framkvæmdastjóra þess er á Biskupsstofu Katrínartúni 4 í Reykjavík.

Stjórn Kirkjugarðaráðs.

Í Kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar þeir eru: *Ragnhildur Benediktsdóttir* lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, *Kristín Huld Sigurðardóttir* forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og ritari ráðsins, *Valtýr Valtýsson* sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. *Þórsteinn Ragnarsson* forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. *Smári Sigurðsson* framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er

Guðmundur Rafn Sigurðsson. Á vegum ráðsins starfar einnig í hlutastarfi Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða, uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða

Starfsemi ráðsins.

Á árinu voru haldnir tíu fundir. Covid-19 hafði áhrif á starfsemi ráðsins og því voru margir þessara funda fjarfundir. Ráðið náði þó að fara í sína árlega skoðunarferð, sem í þetta sinn var um Norður og Norðausturland. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 57 kirkjugarða á árinu.

Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir.

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr Kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2021 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 39 verkefna, samtals að upphæð tæplega 64 milljónir. Meðal kirkjugarða og helstu verkefna sem styrktir voru má nefna

*Sleðbrjótur: Bæta aðgengi að kirkju og þjónustuhúsi. Brekka Mjóafirði: Lagfæring á hlöðnum vegg. Stóri-Núpur: Greiða niður skuld við kirkju. Hreppólar. Endurnýja hellur og raflagnir í garðinum. Stóru-Borg Grímsnesi: Lagfæra steiptan vegg sem umlykur garðinn. Þorlákshöfn: Vegna stækkunar kirkjugarðs. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma: Bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði og lagfæring á vegg kringum Hólavallakirkjugarð. Stóra-Vatnshorn: Vegna lagfæringa á garði og girðingu. Dalvíkur- og Upsakirkjugarður: Endurnýjun á stígum og ný girðing. Grund Eyjafirði: Endurnýja girðingu. Munkaþverá: Ljúka við að endurnýja steiptan vegg um garðinn. Reykjahlíð: Endurnýjun stíga um garðinn. Á árinu var unnið við lagfæringar á nokkrum niðurlögðum gördum t.d. í Arnarbæli, Selárdal, Kirkjubóli í Langadal og gamla garðinum Húsavík. Auk áðurtalinna styrkja fékk Kirkjugarðamband Íslands styrki til fræðslumála og reksturs á vefnum *gardur.is*.*



Reynihlíðarkirkjugarður Mývatni



Stóru-borgarkirkjugarður Grímsnesi



Arnarbæli Ölfusi – niðurlagður kirkjugarður

Bálstofa.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) hafa frá árinu 1948 rekið fyrstu og einu bálstofu á Íslandi sem enn er starfrækt í Fossvogi. Bálstofunni hefur verið vel við haldið en stjórn KGRP hefur lengi bent á nauðsyn þess að farið verði að huga að nýrri bálstofu m.a. vegna nýrra krafna sem uppfyllir þær mengunarvarnir sem gerðar eru til slíkra fyrirtækja og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar hefur bent á. Vegna þessa óskaði Kirkjugarðaráð eftir fundi í dómsmálaráðuneytinu í mars s.l. Á þeim fundi óskaði ráðuneytið eftir við Kirkjugarðaráð að það léti gera könnun á kostnaði við byggingu og rekstur nýrrar bálstofu. Gengið var út frá að hún yrði reist í Hallsholti í Gufuneskirkjugarði, en í hönnunarsamkeppni sem haldin var árið 2005 um þjónustubyggingu í Hallsholti er m.a. gert ráð fyrir nýrri bálstofu. Nú þegar er lokið við fyrsta áfanga þessara byggingar og því gert ráð fyrir samlegðaráhrifum bálstofu og núverandi þjónustubyggingar. Skýrslu kirkjugarðaráðs um hönnun og kostnað við byggingu og rekstur nýrrar bálstofu á Íslandi er ítarlega unnin en þar leggur ráðið til að eignarhald og rekstur bálstofa eigi að vera samvinnuverkefni ríkis, sveitarfélaga og kirkjugarða landsins eins og er á hinum Norðurlöndunum. Skýrsluna má m.a. finna á slóðinni: <http://www.kirkjugardar.is/nyjabalstofan>

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs